



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2026  
USK26050052

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 24. júní 2026 um eftirfarandi mál:

### **Fossvogsblettur 2-2A - Breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsbletts 2 og 2A. Í breytingunni sem lögð er til felst að fjöldi barna á leikskólanum fer úr 150 í 200, byggingarreitir B1 er stækkaður þannig að megi koma fyrir hjóla-, vagna- og útigeymslum innan reitsins en byggingarmagn helst óbreytt. Auk þess er bíla- og hjólastæðum fjölgað, samkvæmt uppdr. Landmótunar, dags. 22. maí 2026. Einnig er lagt fram Samgöngumat Verkís, ódags.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Skrifstofa stjórnarsýslu og gæða*  
*Umhverfis- og skipulagssvið*


Fylgiskjöl: uppdr. Landmótunar, dags. 22. maí 2026. Einnig er lagt fram Samgöngumat Verkís, ódags.




**Reykjavík**



# BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR FOSSVOGSBLETT 2 OG 2A, BYGGINGARREITUR OG BÍLASTÆÐI



Gildandi deiliskipulag frá 29.06.2024 m.s.br. 17.10.2025 mkv 1:2.000.



Breyting á deiliskipulagi í maí 2026, mkv 1:2.000.

## Greinagerð

Gerð er breyting á gildandi Deiliskipulagi leikskólalóðar (Ævintýraborgir) á Fossvogsbletti 2-2A frá 16.02.2024 m.s.br. 17.10.2025. Breytingin nær til lóðar Fossvogsbletts 2-2A þar sem verið er að reisa leikskóla.

Breytingin felur í sér að fjöldi barna á leikskólanum fer úr 150 í 200, byggingarreitur B1 er stækkaður þannig að megi koma fyrir hjóla-, vagna og útigeymslum innan reitsins en byggingarmagn helst óbreytt. Bíla- og hjólastæðum er fjölgað.

## Deiliskipulag

Breytingin nær til lóðar Fossvogsbletts 2-2A sem er lóð fyrir leikskóla. Í gildandi deiliskipulagi var gert ráð fyrir 150 barna leikskóla en með breytingu þessarar er leyfilegum fjöldi barna breytt í 200.

## Bíla- og hjólastæði

Samgöngumat hefur verið unnið af Verkis, Fossvogsblettur samgöngumat, og tekur deiliskipulagsbreyting þessi mið af því. Í samgöngumatinu var aðgengi að Fossvogsbletti 2-2A metið m.t.t. ólíkra ferðamáta; bíls, almenningsgangna, gangandi og hjólandi. Þar kemur fram að viðmiðunargildi fyrir fjölda bílastæða á reitnum er 31 skv. stefnu Reykjavíkurborgar um bíla- og hjólastæði og að hjólastæðin þurfa að vera 64. Skipulagið gerir ráð fyrir 33 stæðum, auk stæðis fyrir vörumóttöku, það er tveimur fleiri stæðum um samgöngumatið er þetta gert til að bæta upp fyrir stæði sem fara undir göturými.

## Í GILDANDI SKIPULAGI SEGIR

Á lóðinni verður gert ráð fyrir allt að 32 bílastæðum og þar af verða 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og stæði vegna vörumóttöku. Af þessum 32 bílastæðum er gert ráð fyrir 9 hleðslustæðum og þar af 3 við bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir allt að 50 hjólastæðum þar af 33 í hluti í læstri yfirbyggðri geymslu. Leyfð verða hjólastæði og vagnageymslur innan lóðarmarka.

## EFTIR BREYTINGU

Á lóðinni verður gert ráð fyrir allt að 33 bílastæðum og þar af verða 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða auk þess er stæði vegna vörumóttöku. Af þessum 33 bílastæðum er gert ráð fyrir 9 hleðslustæðum og þar af 3 við bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir allt að 64 hjólastæðum þar af 44 í læstum yfirbyggðum geymslum. Leyfð verða hjólastæði og vagnageymslur innan lóðarmarka.


## Byggingarreitur - Byggingarreitur leikskóla

Afmörkun byggingarreits B1 er breytt svo koma megi fyrir fyrir hjóla-, vagna og útigeymslum. Reiturinn stækkar úr 3216 m<sup>2</sup> í 3275 m<sup>2</sup> en byggingarmagn er óbreytt. Skilmálar reitsins haldast óbreyttir.

## Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif vegna deiliskipulagsbreytingar þessarar eru talin óveruleg. Gert verður ráð fyrir 200 barna leikskóla en breytingin felur í sér lítila stækkun á byggingarreit fyrir leikskóla til þess að koma fyrir hjóla-, vagna og útigeymslum. Bætt er við tveimur bílastæðum og 14 hjólastæðum í samræmi við samgöngumat. Lagt er til að fylgst sé með þróun umferðarhraða á Fossvogsvægi.

Hvað annað varðar en fram hefur komið hér gilda skilmálar gildandi deiliskipulags og fyrri breytinga.



Hluti af Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

## Skýringar

- Afmörkun skipulagssvæðis
- Mörk breytingar
- Byggingarreitur
- Byggingar sem hafa verið fjarlægðar
- Lóðarmörk
- Núverandi lóðarmörk
- Stofnstígur gangandi
- Stofnstígur hjólandi
- Aðrir stígar
- Hleðslustæði (til skýringar) staðsetning leiðbeinandi
- Stæði fyrir hreyfihamlaða (til skýringar)
- Kvöð um regnbeð með gróðri (staðsetning leiðbeinandi)
- Sorpgerði
- Hverfisvernd gróðurs
- Kvöð um gróður meðfram Fossvogsvægi
- Gróður - afmörkun gróðursvæða er synt til skýringar og er ekki bindandi

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 2026 og í \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 2026.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 2026 með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 2026.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2026.

BR. DAGS. BREYTING REKN. TEKN.



FOSSVOGSBLETTUR - DEILISKIPULAG  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR LEIKSKÓLALÓÐ

DEILISKIPULAG

SKIPULAG: AEK\_M0\_JSP  
TEKNAÐ:M0\_JSP  
SAMÞYKKT  
KT.  
KÓPAVOGUR

KVARDI 1: 1000 - A2  
VERKNR. 0000-DS2201

DAGS. 22.05.2026  
TEKN. NR. D-01





HEITI SKÝRSLU: FOSSVOGSBLETTUR SAMGÖNGUMAT	DREIFING:
VERKEFNI: Fossvogsblettur Samgöngumat	<input type="checkbox"/> OPIN
SKÝRSLA NR. 1	<input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL
AFURÐAR- AUÐKENNI: 22055- M00015	<input checked="" type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA

ÚTGÁFUSAGA:					
ÚTG. NR	DAGS.	HÖFUNDUR	RÝNT AF	SAMP.	ÚTGÁFUSTAÐA
1	2024-07-09	KEP/GPG	AnGS	KEP	Útgefið
2	2026-01-26	KEP	AnGS	KEP	Útgefið

HÖFUNDAR: Kristjana Erna Pálsdóttir Gestur Þór Gestsson	VERKEFNISSTJÓRI: Kristjana Erna Pálsdóttir
---	---

UNNIÐ FYRIR: Reykjavíkurborg UMSJÓN: Sólveig Björk Ingimarsdóttir	SAMSTARFSADILAR:
--	------------------

ÚTDRÁTTUR: Samgöngumat vegna deiliskipulags fyrir leikskólalóð á Fossvogsbletti 2 og 2A. Lagt mat á bíla- og hjólastæðapörf. Umferðarsköpun að/frá reit áætluð og aðstæðum á uppbyggingarreit lýst út frá samgöngulegum sjónarmiðum. Umferðaröryggi vegna uppbyggingar rýnt.
---

LYKILORÐ ÍSLENSK: Samgöngumat, umferðaröryggi, bílastæði, hjólastæði, umferðarsköpun	LYKILORÐ ENSK:
---	----------------

© Geta skal heimilda sé efni skýrslunnar afritað eða birt með einhverjum hætti.



## **Samantekt**

Nýtt deiliskipulag fyrir Fossvogsblett 2 og 2A gerir ráð fyrir nýjum 10 deilda leikskóla með plássi fyrir 180-200 börn.

Í þessu samgöngumati hefur aðgengi að deiliskipulagsreitnum verið metið m.t.t. ólíkra ferðamáta; bíls, almenningsgangna, gangandi og hjólandi.

Reiturinn er vel tengdur göngu- og hjólastígum. Stutt er í biðstöð Strætó Bs við göngubrú yfir Kringlumýrarbraut þar sem þrjár leiðir stoppa. Aðrar stöðvar eru lengra í burtu og nokkur bratti að þeim.

Aðgengi akandi helst óbreytt en umferðarmagn mun aukast um Fossvogsvog með uppbyggingu leikskólans. Lagt er til að fylgjast með þróun umferðarhraða, og fara í aðgerðir sem bæta sjónlínur við innkeyrslur.

Viðmiðunargildi fyrir fjölda bílastæða á reitnum er 31 samkvæmt stefnu Reykjavíkurborgar um bíla- og hjólastæði. Hjólastæðin þurfa að vera 64 og 44 þeirra í læstum hjólageymslum.



## Efnisyfirlit


Efnisyfirlit .....	iii
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Núverandi aðstæður .....</b>	<b>2</b>
2.1 Staðsetning svæðis .....	2
2.2 Aðstæður fyrir gangandi og hjólandi .....	2
2.3 Almenningsamgöngur .....	2
2.4 Gatnakerfi og tengingar .....	3
2.5 Núverandi umferð .....	4
<b>3 Lýsing á skipulagi .....</b>	<b>5</b>
3.1 Aðgengi .....	5
3.2 Umferðarsköpun að/frá reit .....	5
<b>4 Bíla- og hjólastæðamat .....</b>	<b>9</b>
<b>5 Öryggisrýni .....</b>	<b>13</b>
<b>6 Heimildir .....</b>	<b>15</b>

## 1 Inngangur

Í nýju deiliskipulagi fyrir Fossvogsblett 2 og 2A verður gert ráð fyrir 10 deilda leikskóla með plássi fyrir allt að 180-200 börn.

Reykjavíkurborg hefur falið Verkís að útfæra samgöngumat fyrir reitinn. Samgöngumatið skal innihalda greiningu á; aðkomu og aðgengi að reitnum, aðstæðum fyrir gangandi og hjólandi, mati á umferðarmagni, og mati á fjölda bíla- og hjólastæða. Einnig skal rýna tillöguna með tilliti til umferðaröryggis.

Samgöngumat þetta er byggt upp þannig að núverandi aðstæðum á reitnum er lýst í kafla 2, deiliskipulagstillögu og umferðarsköpun í kafla 3, mat lagt á bíla- og hjólastæðapörf fyrir reitinn samkvæmt stefnu Reykjavíkurborgar í kafla 4, og umferðaröryggi rýnt í kafla 5.



**Mynd 1: Núverandi aðstæður, loftmynd úr Borgarvefsjá. Deiliskipulagsreitir innan rauðs hringis.**

## 2 Núverandi aðstæður


### 2.1 Staðsetning svæðis

Reiturinn er staðsettur neðst í vesturhluta Fossvogsdal rétt norðan við sveitarfélagsmörk Kópavogs og Reykjavíkur, aðgengi að reitnum er um Fossvogsveg frá Háaleitisbraut og Eyrarlandi. Stórir vinnustaðir eru í nágrenni við reitinn svo sem Landspítalinn Fossvogi, RÚV og Kringlan.

### 2.2 Aðstæður fyrir gangandi og hjólandi

Fyrirhugaður leikskóli er vel tengdur stofnstígakerfi hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu. Sunnan við reitinn er stofnstígurinn Sólarleið, aðskilinn hjóla- og göngustígur, sem tengir reitinn vel í austur-vesturátt. Vestan við reitinn er stofnstígur meðfram Kringlumýrarbraut sem tengir reitinn í norður-suðurátt. Á áætlun er að aðskilja hjólastíg á honum. Aðskildir hjóla- og göngustígar eru einnig við Háaleitisbraut (tengistígur) og Bústaðarveg (stofnstígur). Stígarnir eru allir í þjónustuflokki 1 fyrir snjöhreinsun.

Mynd 2 sýnir 20 mínútna göngu- og hjólakort frá uppbyggingarreit. Ljóst er að reiturinn er mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og vel tengdur hjólaleiðum.




**Mynd 2: 20 mínútna göngu- og hjólakort frá uppbyggingarreit. Dökkgrænn litur sýnir gönguvegalengdir innan 20 mínútna og ljósgrænn litur hjólavegalengdir innan 20 mínútna. (Vistorka, 2024)**

### 2.3 Almennings-samgöngur

Biðstöðvar Strætó Bs. eru við Kringlumýrarbraut sitt hvorum megin við göngubrúna, stöðvarnar eru í um það bil 300-500 metra göngufjarlægð frá reitnum eftir því hvort fara þurfi yfir göngubrúna yfir Kringlumýrarbraut eða ekki. Leiðir 1, 2 og 4 stoppa hér og tengja reitinn vel við almennings-samgöngur. Leið 1 gengur á 10 mínútna fresti á háannatíma en leiðir 2 og 4 á kortersfresti.

Annars eru næstu stoppistöðvar við Landspítala Fossvogi og Bústaðarveg sem eru annars vegar í um 500 metra og hins vegar í um 700 metra göngufjarlægð frá fyrirhuguðum leikskóla. Nokkur bratti er frá reitnum að stöðvunum. Við Landspítala stoppar leið 13 og við Bústaðarveg stoppa leiðir 2, 11, 14 og 18, allar strætóleiðir koma á korters fresti yfir háannatíma.



Mynd 3: Biðstöðvar Strætó BS.

## 2.4 Gatnakerfi og tengingar

Aðkoma akandi að reitnum verður um Háaleitisbraut og um Eyrarland sem tengjast báðar inn á Bústaðarveg. Gatnamót Bústaðarvegur og Háaleitisbrautar voru endurgerð árið 2024 með bættu aðgengi gangandi og hjólandi að leiðarljósi. Hönnun gatnamótanna gera einnig sérstakalega ráð fyrir akstri neyðarbíla.

Fossvogsvegur er um 6 m breið tvístefnugata. Ekki er máluð miðlína í götu og heimilt er að leggja í götunni. Bifreiðum er oft lagt í norðurkanti götunnar, sjá mynd 5, og geta því bílar ekki mæst þar sem bílum er lagt.



Mynd 4: Vettvangsferð 25.05.24, bílum lagt í norðurkanti götu.



Mynd 5: Vettvangsferð 25.05.24.



## 2.5 Núverandi umferð

Í nóvember 2020 var gerð hraða- og umferðarmæling á Fossvogsvegi við Klifveg, talið var í eina viku. Meðal sólarhringsumferð var 280 bílar og 85% hraði mældist 46 km/klst sem er töluvert yfir leyfilegum hámarkshraða sem er 30 km/klst.

Umferð var talin á annatíma árdegis og síðdegis 20. nóvember 2024. Taldir voru umferðarstraumar akandi og hjólandi á Fossvogsvegi við gatnamót við Háaleitisbraut annars vegar og við Eyrarland hins vegar. Metin sólarhringsumferð var 377 ökutæki nær Háaleitisbraut og 286 ökutæki nær Eyrarlandi. Umferðartalningin við Klifveg frá árinu 2020 ber því vel saman við talningu við Eyrarland frá árinu 2024. Fossvogsblettur er nær gatnamótum við Háaleitisbraut og því réttara að miða við þá talningu.

Sólarhringsumferðin á Fossvogsvegi við Fossvogsblett er því um 380 ökutæki.



### 3 Lýsing á skipulagi

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að á reitnum rísi leikskóli fyrir allt að 180-200 börn á 10 deildum. Framtíðarbygging leikskólans má vera að hámarki 2.400 m<sup>2</sup> að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir 29 bílastæðum innan lóðar, þar af þremur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða ásamt hjólaskýlum.

Gert er ráð fyrir að á leikskólanum verði um 60 stöðugildi.



Mynd 6 Tillaga að deiliskipulagi.

#### 3.1 Aðgengi

Fjallað var um aðgengi mismunandi ferðamáta að reitnum í kafla 2. Í raun breytist aðgengi að reitnum ekki við þetta deiliskipulag. Gangstétt meðfram Fossvogsvegi hefur verið endursteypt og breikkuð sem er vel. Haga þarf lóðarhönnun á þann veg að ekki sé gengið á núverandi gangstétt. Þessi gangstétt tengir svo hjólandi og gangandi út á Sólarleið, að stofnstíg meðfram Kringlumýrarbraut sem og á tengistíga meðfram Háaleitisbraut og Eyrarlandi.

Aðgengi að biðstöðvum við Kringlumýrarbraut er eftir Sólarleið og yfir göngubrú fyrir biðstöð hinum megin við Kringlumýrarbraut. Gangandi þurfa ekki að þvera akandi umferð á þessari leið. Stígurinn er þó á hluta leiðarinnar, áður en komið er að göngubrú, blandaður og þarf því að fara með aðgát.

#### 3.2 Umferðarsköpun að/frá reit

Í dag mætti ætla að umferð um Fossvogsveg meðfram reit sé í afgerandi meirihluta umferð íbúa og þeirra sem eiga erindi að skógræktinni. Austan við reit er einnig í uppbyggingu 15 íbúða fjölbýlishús, Fossvogsvegur 8-36.

Ferðamyndun að deiliskipulagsreit var áætluð með ferðamyndunarjöfnu frá VSÓ (VSÓ, 2006) en hún gefur bílferðir sem myndast í reitnum miðað við óbreyttar ferðavenjur.

$$1,85 * \text{íbúar} + 0,14 * m^2 \text{verslun og skrifstofur} + 0,04 * m^2 \text{annað atv. húsnæði} = \text{ferðir}$$




Leikskólinn var að mestu leyti skilgreindur sem annað húsnæði en einnig að hluta til skrifstofur. Til að fá umferðarmagnið þarf að margfalda ferðamyndunina með tveimur þar sem um er að ræða ferðir til og frá reit.

$$\left(0,14 * \left(2.400 * \frac{1}{5}\right) + 0,04 * \left(2.400 * \frac{4}{5}\right)\right) * 2 = \mathbf{290 \text{ ökutæki á sólarhring (HVDU)}}$$

HVDU er hversdagsumferð og á að endurspegla sólarhringsumferð á virkum dögum.


Til að leggja mat á hlutfall mismunandi ferðamáta var annars vegar skoðað fyrir óbreyttar ferðavenjur og hins vegar fyrir breyttar ferðavenjur. Óbreyttar ferðavenjur eru miðaðar við núverandi ástand samkvæmt niðurstöðum ferðavenjukannana. Ferðavenjukönnun höfuðborgarsvæðisins kom síðast út árið 2022 og gaf til kynna að 58% ferða eru farnar sem bílstjóri á bíl. Hlutfallið var lægra þegar skoðað var sérstaklega fyrir Reykjavík, 55%, og enn lægra fyrir íbúa Hlíða og Fossvogs, 54%. Á mynd 7 og 8 má sjá niðurstöður fyrir annars vegar íbúa Reykjavíkur og hins vegar sérstaklega fyrir íbúa Hlíða og Fossvogs. Fleiri ferðir eru farnar gangandi eða hjólandi meðal íbúa Hlíða og Fossvogs (27%) samanborið við Reykjavík (24%).



Ferðavenjukönnun Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur (USK) og Gallup var framkvæmd á tímabilinu 4.-27. október 2024 og gefin út í nóvember sama ár. Niðurstöður eru sýndar á mynd 9. Þar sést að árið 2022 svöruðu 55% aðspurðra í Hlíðum, Laugardal og Háaleiti að þeir ferðuðust á bíl sem bílstjóri sem er sambærilegt við ferðavenjukönnun höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar er hlutfallið komið í 61% árið 2024. Ákveðið var að nota þessar niðurstöður þar sem þær eru nýrri.



### Hlíðar, Laugard., Háaleiti



**Mynd 9 Ferðavenjukönnun USK og Gallup frá árinu 2024, skoðað sérstaklega fyrir Hlíðar, Laugardal og Háaleiti (Gallup, 2024)**

Breyttar ferðavenjur miða almennt við að markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 gangi eftir um að ekki fleiri en 50% ferða séu farnar á bíl, 35% eða fleiri ferðir farnar gangandi og hjólandi, og hlutdeild strætisvagna í öllum ferðum verði a.m.k. 15% (Reykjavíkurborg, 2022).

Þar sem ferðamyndunarjafnan er notuð til að leggja mat á fjölda bílferða en ekki aðra ferðamáta að þá var fjöldi bílferða umreiknaður yfir í ferðir per einstakling í bíl með margfeldisstuðli sem Mannvit hefur fundið út; 1,25 (Mannvit, 2018). Í töflunni að neðan eru einstaklingsferðir um reitinn reiknaðar fyrir mismunandi ferðamáta og bæði óbreyttar og breyttar ferðavenjur.

**Tafla 1: Áætluð ferðamyndun og dreifing ferðamáta fyrir óbreyttar og breyttar ferðavenjur**

	Ferðamáti	Óbreyttar ferðavenjur*	Breyttar ferðavenjur**
Einstaklingsferðir***	Bíll	360 (65%)	280 (50%)
	Gangandi	100 (18%)	110 (20%)
	Hjólandi	75 (13%)	80 (15%)
	Alm.samgöngur	20 (4%)	85 (15%)
	Samtals	555	555

\*Samkvæmt niðurstöðum ferðavenjukönnunar USK og Gallup 2024

\*\*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

\*\*\*Miðað við 1,25 farþega í hverjum bíl



**Umferðarsköpun bíla að/frá reitnum miðað við breyttar ferðavenjur er því 220 ökutæki á sólarhring en 290 ökutæki á sólarhring fyrir óbreyttar ferðavenjur.**

Eins og áður kom fram er núverandi áætluð umferð á Fossvogsvegi á um 380 bílar á sólarhring. Áætlað er því að umferðin aukist um 220-290 ökutæki á Fossvogsvegi vegna uppbyggingar leikskólans. Líklegt er að það dreifist nokkuð jafnt milli Háaleitisbrautar og Eyrarlands, mögulega aðeins fleiri ökutæki á Háaleitisbraut.

Heildarumferðarmagn að meðtalinni áætlaðri umferð að nýjum íbúðum við Fossvogsveg 8-36 væri því um 800 ökutæki á sólarhring sem er langt undir afkastagetu götunnar. Hins vegar verður að hafa í huga að bílum er oft lagt öðrum megin götunnar sem gengur á rýmd götunnar og geta bílar þá ekki mæst alls staðar. Hins vegar er ekki talið að það hafi mikil áhrif á umferðarrýmd að þrengja götur með 30 km/klst og umferðarmagn á hámarksklukkustund undir 300 ökutæki á klst (Efla, 2022).

Sé litið á lagða bíla í götunni sem tímabundnar þrengingar í götusniði er mikilvægt að mögulegt sé fyrir bíla að mætast á u.þ.b. 150-300 m fresti (Efla, 2022) m.v. umferðarmagnið í götunni sem er áætlað um 100-120 bílar á hámarksklukkustund. Heildarlengd götunnar er um 450 m sem þýðir að á a.m.k. 2-3 stöðum í götunni verður að vera möguleiki fyrir bíla til að mætast.

## 4 Bíla- og hjólastæðamat

Vísað er í reglur Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða en vinna skal út frá þeim við gerð hverfis- og deiliskipulags, og við umsókn byggingaleyfa (Reykjavíkurborg, 2024).


**Viðmið um fjölda bílastæða** tekur mið af staðsetningu en borginni hefur verið skipt upp í tvö svæði, sjá mynd 11. Í samgöngumati er hægt að fjölga eða fækka bílastæðum frá viðmiðunargildi eftir aðstæðum og skal það rökstutt sérstaklega, en aldrei skal fara yfir hámarksgildi. Helstu tækifæri til að fækka bílastæðum er á stærri byggingarreitum, byggingarreitum með blandaðri landnotkun og á reitum í nágrenni við góðar almenningssamgöngur. Fylgt er skrefunum á mynd 12 við ákvörðun umfangs bíla- og hjólastæðamats. Ef uppbygging g.r.f. einhverju af upptöldum atriðum í skrefi 2 skal ráðast í samgöngumat í samráði við Reykjavíkurborg. Ávallt skal þó byrja á að ákvarða fjölda bíla- og hjólastæða samkvæmt töflum í reglum Reykjavíkurborgar (Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, 2024).

**Viðmið um fjölda hjólastæða** eru skilgreind í reglum Reykjavíkurborgar sem lágmörk. Reglurnar eru leiðbeinandi í að ákvarða fjölda hjólastæða.



Mynd 10: Afmörkun svæða 1 og 2. (Reykjavíkurborg, 2024). Deiliskipulagsreitur innan rauðs hringis.

Uppbyggingin er í jaðri svæðis 1 og uppfyllir strangt tiltekið ekki skilyrði samkvæmt skrefi 2. Ákvarða þarf fjölda bíla- og hjólastæða samkvæmt töflum í bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt mynd 12 er ekki þörf á umfangsmeira samgöngumati en þó er tiltekið í reglum Reykjavíkurborgar að stæði fyrir skóla séu metin í samgöngumati og hefur Reykjavíkurborg markað þá stefnu að almennt skuli unnið samgöngumat þegar um leikskóla er að ræða.



Mynd 11: Skref við ákvörðun á fjölda bíla- og hjólastæða

Vísað er í töflu í reglum Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða, sjá töflu 2 (Reykjavíkurborg, 2024)

Tafla 2: Kröfur um fjölda bíla- og hjólastæða (Reykjavíkurborg, 2024)

KRÖFUR UM FJÖLDA BÍLA- OG HJÓLASTÆÐA Í REYKJAVÍK						
		BÍLASTÆÐI		HJÓLASTÆÐI		
		SVÆÐI I		SVÆÐI II		
		Viðmið	Hámark	Viðmið	Hámark	
						SVÆÐI I OG II
						Lágmark*
SKÓLAR <sup>3</sup>						
Leikskólar	Stæði fyrir starfsmenn + sleppistæði: Metið í samgöngumati					0,4 á starfsmann + 20 stæði/100 nemendur <b>A</b>
Grunnskólar og framhaldskólar						30 – 60 á 100 nemendur <b>B</b>
Háskólar	Stæði fyrir starfsmenn og nemendur: Metið í samgöngumati					30 – 60 á 100 nemendur <b>B</b>

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar má til viðmiðunar gera ráð fyrir 0,2-0,5 bílastæði á starf fyrir skóla (Reykjavíkurborg, 2024). Í kafla 3.2 voru fundin hlutföll ferðamáta fyrir breyttar ferðavenjur út frá ferðavenjukönnunum og markmiðum úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Samkvæmt því væri fjöldi



ferða farnar sem bílstjóri 47% allra ferða hverfisins. Það mætti því g.r.f. 0,47 bílastæði á starf fyrir leikskólann sem er á viðmiðunarbili samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar.

**Tafla 3: Mat á hlutfalli ferða sem bílstjóri að reitnum**

		2024	2040
Fossvogur	Fjöldi ferða á bíl	65%	50%
	Fjöldi ferða sem bílstjóri	61%	<b>47%</b>

Einnig þarf að gera ráð fyrir sleppistæðum fyrir foreldra við leikskóla og grunnskóla, þar sem meiri líkur eru á að börnum sé skutlað og þau sótt af foreldrum (Reykjavíkurborg, 2024). Við þetta má bæta að í leikskólum nýtast sleppistæði almennt ekki þar sem foreldrar leggja bílum og fara með börnin inn í leikskólann. Gert var ráð fyrir að 47% foreldra skutli börnum sínum í leikskólann. Um er að ræða allt að 200 börn, en þó má leiða að líkum að einhver þeirra eigi systkini í leikskólanum og því væri möguleg tvítalning að yfirfæra hlutfallið 0,47 beint yfir á börnin 200. Notað var því hér hlutfallið 0,4 bílastæði á barn til að meta bílastæðisþörf foreldra. Gert var ráð fyrir að komið sé með börn til skólans frá klukkan 8 að morgni til klukkan 9, og að meðaltími sem taki að leggja bíl í stæði og fara með barn til skóla sé um 7,5 mínútur. Út frá þessu var hægt að áætla þörf á fjölda bílastæða fyrir foreldra.

Mat á fjölda bíla- og hjólastæða fyrir reitinn má sjá í töflu 4.

**Tafla 4: Mat á fjölda bíla- og hjólastæða fyrir reitinn**

		Bílastæði				Hjólastæði	
		stæði pr starf/nemanda	Fjöldi á bíl	Lestunartími (mín)	Fjöldi stæða (viðmið)	stæði pr starf/nemanda	Fjöldi stæða (lágmark):
stæði starfsfólks	60	0,47	28		21	0,4	24
stæði foreldra	200	0,4	80	7,5	10	0,2	40
					<b>31</b>		<b>64</b>

Þegar aðstæður leyfa er skoðað hvort fækka megi bílastæðum niður fyrir viðmiðunargildi. Fyrir reiti með ólíka starfsemi er hægt að samnýta bílastæði. Í þessu tilfelli er aðeins um að ræða leikskóla og því ekki aðstæður til að fækka bílastæðum m.t.t. blandaðrar landnotkunar/samnýtingar.

Reykjavíkurborg gerir kröfu um að nýbyggingar með 100 eða fleiri íbúðum á svæði 1 útvegi deilíbíl, það ákvæði á því heldur ekki við hér.

Með innleiðingu samgöngustefnu fyrir svæði eða starfsemi á viðkomandi svæði er mögulegt að draga úr fjölda bílastæða sem nemur 10%. Í sumum tilvikum má fækka bílastæðum um 15-20%, sé samgöngustefna mjög margþætt. Ef bílastæðum er fækkað vegna samgöngustefnu, skal innleiðing stefnunnar vera hluti af ákvæðum skipulags (Reykjavíkurborg, 2024). Í dag er rekin samgöngustefna á starfsstöðvum Reykjavíkurborgar og samgöngustyrkir eru í boði fyrir starfsfólk sem ferðast til vinnu með vistvænum hætti.

Fyrir íbúðarhúsnæði á svæði 1 er mögulegt að fækka bílastæðum um 10% ef uppbygging er innan 400-600 m göngufæris við tvær biðstöðvar sem veita aðgengi að tveimur leiðum með gott/hátt þjónustustig (Reykjavíkurborg, 2024). Biðstöðvarnar við Kringlumýrarbraut eru innan 400-600 m göngufæris með aðgengi að leið 1 sem gengur á 10 mínútna fresti á háannatíma, leið 2 og 4 ganga á kortersfresti á háannatíma. Næsta biðstöð með aðgengi að tveimur eða fleiri leiðum er við Bústaðarveg í um 700 m fjarlægð. Ekki er því talið forsvaranlegt að fækka bílastæðum m.t.t. aðgengis að almenningssamgöngum.

Út frá fyrrgreindum ástæðum er ekki talin ástæða til að fækka stæðum frá viðmiðunargildi þó rekin sé samgöngustefna fyrir reitinn.

**Viðmið fyrir fjölda bílastæða er 31 stæði.**



Lágmark fyrir fjölda hjólastæða eru 64.

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar skal gera ráð fyrir að 90% hjólastæða séu í læstu rými og að 10% stæða séu staðsett næst inngangi (Reykjavíkurborg, 2024).


Ef miðað er við að 10% stæða af 64 séu staðsett næst inngangi væru það einungis 6 stæði. Lagt er til að skammtíma stæði yrðu 20 sem myndu helst nýtast foreldrum. Í hjólageymslu eða í yfirbyggðu hjólaskýli á lóð leikskólans þyrfti að koma fyrir 44 stæðum sem myndu nýtast starfsfólki. Einnig skal hjólageymslan nýtast fyrir hjólavagna og kerrur.

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru ákvörðuð samkvæmt byggingarreglugerð. Af bílastæðunum 31 ættu 3 þar af að vera fyrir hreyfihamlaða. Þau skulu vera sérstaklega merkt á yfirborði og einnig með skilti. Ganga skal úr skugga um að hindrunarlaus leið sé frá þessum stæðum að inngangi leikskólans. Annars er vísað í byggingarreglugerð varðandi frekari kröfur til bílastæða fyrir hreyfihamlaða (Byggingarreglugerð nr 112, 2012).

## 5 Öryggisrýni

Deiliskipulagstillagan var rýnd gróflega með tilliti til umferðaröryggis.

Ef horft er á slysakort fyrir Fossvogsveg fyrir árin 2013-2023, mynd 13, sést að sem betur fer hafa ekki orðið mörg slys þar. Grænu punktarnir (slys með litlum meiðslum) og guli punkturinn (slys með miklum meiðslum) vestan við reitinn tengdust öll reiðhjólum. Þrjú föll af reiðhjóli, tvö á gangstétt meðfram Fossvogsvegi og eitt á Sólarleið. Í beygjunni við Háaleitisbraut mættust bíll og reiðhjól með þeim afleiðingum að ökumaður reiðhjólsins slasaðist.



**Mynd 12: Slysakort Samgöngustofu árin 2013-2023 (Samgöngustofa, 2024)**

Á Fossvogsvegi sjálfum hafa því ekki verið skráð slys undanfarin 10 ár.

Eins og kom fram í kafla 2.5 mældist hraðinn yfir mörkum (85% hraði var 46 km/klst) á mælistað aðeins austan við Klifveg. Ekki er vitað hver raunhraðinn er á Fossvogsvegi meðfram deiliskipulagsreit, hins vegar er hraðahindrun við Kjarrveg vestan við hraðamælinguna og upphækkun á gatnamótum við Háaleitisbraut. U.þ.b. 230 m eru á milli þessara tveggja hraðatakmarkandi aðgerða, sjá staðsetningar á mynd 14. Skiltaður hámarkshraði á Fossvogsvegi, Háaleitisbraut og Eyrarlandi er 30 km/klst.




**Mynd 13: Hraðahindranir á Fossvogsvegi merktar bleikum lit. Mynd úr Borgarvefsjá**

Samkvæmt rannsóknarskýrslunni *Hraðatakmarkandi aðgerðir* er æskilegt að 75 m séu á milli hraðatakmarkandi aðgerða til að halda meðalhraða um og undir 30 km/klst (Efla, 2022).

Þar sem einungis ein hraðamæling er til og hún er þó nokkuð austan við deiliskipulagsreit er mælt með á þessu stigi að fylgjast með þróun umferðarhraða í götunni, og bregðast við ef þurfa þykir. Í því tilfalli er mælt með að koma fyrir hraðahindrun milli núverandi hraðahindrana.

Eins og kom fram í kafla 2.4 er bílum oft lagt í nyrðri kanti Fossvogsvegur. Að bílum sé lagt í götu getur haft áhrif á sjónlengdir, sérstaklega við innkeyrslur og gatnamót, og um götuna fara skólabörn sem sjást illa ef þau koma á milli bíla. Að auki getur það búið til árekstrarpunkta að bílar séu að keyra inn og út af bílastæði leikskólans á meðan bílum lagt í götukanti eru að keyra úr stæði. Þegar bílum er lagt í götukanti geta bílar ekki mæst alls staðar og er því mikilvægt að möguleiki sé til þess í götunni á 2-3 stöðum eins og kom fram í kafla 3.2. Möguleiki væri að banna bifreiðastöður á þeim stöðum með skiltun og merkingum, eða að skilgreina bílastæði þar sem talið er að öruggara sé að leggja bílum. Æskilegt væri að göturýmið meðfram bílastæðaplani leikskólans væri laust við lagða bíla til að einfalda akstur inn og út af bílastæðum leikskólans.

Samkvæmt núverandi deiliskipulagstillögu eru tveir stútar inn á bílastæði leikskólalóðarinnar, og er því göngustígur þveraður tvisvar. Svo virðist sem göngustígur umlyki þó bílastæði og ættu börn á leið til skólans ekki að þurfa að þvera inn- og útkeyrslur, en aðrir sem ganga og hjóla meðfram Fossvogsvegi þurfa þess. Vestari stútur inn á bílastæðið er mjög nálægt gatnamótum við Markarveg, það gæti skapað árekstrarhættu að bílum sé ekið út af bílastæði inn í akrein bíls sem er að aka niður Markarveg. Lagt er því til að stútur nær Markarvegi sé einungis fyrir innkeyrslu og austari stútur fyrir útkeyrslu. Gangandi og hjólandi þurfa því einungis að þvera umferð úr einni akstursstefnu í einu.



**Mynd 14: Deiliskipulagstillaga. Stútur að bílastæði leikskólans er staðsettur nálægt aðkomu að Markarvegi.**

Mikill og hár gróður og tré eru í dag meðfram Fossvogsvegi, mikilvægt er að tryggt sé að gróður skerði ekki sýn við inn/útkeyrslu að bílastæði leikskólalóðar. Mikilvægt er einnig að fylgjast með vexti gróðurs og snyrta hann eftir þörfum.

### **Helstu umferðaröryggisatriði**

- Fylgjast með þróun umferðarhraða á Fossvogsvegi og bregðast við ef þurfa þykir
- Banna bifreiðastöður næst gatnamótum við Markarveg og Kjarrveg, og að auki á Fossvogsvegi meðfram bílastæði leikskólans til að bæta sjónlengdir og fækka árekstrarþvígum
- Hafa stúta að bílastæði leikskólans einstefnda. Innkeyrsla nær gatnamótum við Markarveg en útkeyrsla fjær
- Passa að gróður og tré skerða ekki sýn við stúta að leikskólalóð



## 6 Heimildir

Byggingarreglugerð nr 112. (2012). Sótt frá <https://island.is/reglugerdir/nr/0112-2012/d/2024-01-10/diff>

Efla. (2019). *HÖNNUNARLEIÐBEININGAR FYRIR HJÓLREIÐAR. Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar*. Vegagerðin; SSH.

Efla. (2022). *Hraðatakmarkandi aðgerðir*. Vegagerðin.

Gallup. (2024). *Ferðir til vinnu/skóla*. Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK).

Mannvit. (2018). *Reglubundið mat á stöðu og þróun bílaumferðar og almenningsgangna*. Vegagerðin.

Reykjavíkurborg. (2014). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. Reykjavík: Umhverfis- og skipulagssvið.

Reykjavíkurborg. (2022). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040)*. Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg. (2024). *Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík. Bíla- og hjólastæðastefna*. Reykjavíkurborg.

Samgöngustofa. (27. 5 2024). *Slysakort*. (Samgöngustofa) Sótt 16. Janúar 2020 frá Slysakort: <http://map.is/samgongustofa/>

SSH. (2022). *Ferðavenjukönnun meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins*. SSH.

Vistorka. (24. 5 2024). *Kortir, hvað kemstu langt gangandi/hjólandi*. Sótt frá <https://kort.vistorka.is/#/>

VSÓ. (2006). *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins*. Reykjavík: Vegagerðin.